



Skólaráð Tjarnarskóla
fundargerð 44. fundar
2. fundur á skólaárinu 2023-2024
22. febrúar 2024 kl. 8.30

Mætt á fundinn:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Hrói Guðbjörnsson, fulltrúi nemenda, 10. bekk
Matthías Thorberg Magnússon, fulltrúi nemenda, 9. bekk
Kristín Rós Egilsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Birna Dís Björnsdóttir, fulltrúi kennara
Halla Helgadóttir, fulltrúi foreldra
Rosalie Rut Sigrúnardóttir, fulltrúi grenndarsamfélags

Fulltrúar nemendaráðs voru einnig boðaðir á fundinn. Þau sem mættu voru:

Lóa Kristín Óskarsdóttir, 8. bekk
Hrafnhildur Steinunn Vignisdóttir, 8. bekk
Ari Lange Eggertsson, 9. bekk
Elíndís Arnalds Pálsdóttir, 9. bekk
Ragnheiður Andrésdóttir, 10. bekk

Jóna Björg Ólafsdóttir, fulltrúi foreldra og Helga Júlía Vilhjálmsdóttir boðuðu forföll.

Margrét bauð fundarmenn velkomna. Nemendur í nemendaráðinu voru sérstaklega boðnir velkomnir, en nemendum ráðsins er ávallt boðið á einn fund á skólaárinu.

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2024 - 2025

Hefðbundið verkefni skólaráðs er að fara yfir skóladagatal komandi skólaárs til samþykktar og senda á Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar ásamt fundargerð skólaráðsins.

Gæta þarf þess að skóladagar nemenda séu ávallt 180 á skólaárinu.

Við fylgjum tilmælum Reykjavíkurborgar hvað varðar skólasetningardag og vetrarfrí. Fyrirhugaður skólaslitadagur er 4. júní.

Verklag við yfirferð var á þann veg að fara yfir hvern mánuð fyrir sig og spjalla um það sem óskað var eftir.

Helstu punktar:

Þrjú dagar eru stjörnumerktir sem þýðir að við metum þá daga sem tvöfalda skóladaga. Um er að ræða tvo ferðalagsdaga; haustferð og skíðaferð og síðan árshátíðardagurinn. Fengum þetta samþykkt á síðasta skólaári af hálfu SFS. Skiptum skólaárinu áfram í þrjár annir.

Eins og lög um grunnskóla heimila, mega vera fimm svo nefndir **prófadagar** á skóladagatalinu. Þá mæta nemendur einungis í próf og fara síðan heim. Við höfum þá, sem löngum fyrr, í lok skólaársins. Merktir **námsmatsdagar** eru heilir skóladagar, þá mæta nemendur í skólann á venjulegum tíma, taka próf á skólatíma eða skila sérstöku námsmatsverkefni og klára svo skóladaginn.

Skíðadagar eru ekki komnir með staðfesta dagsetningu, gætu því hugsanlega flust til.

Við settum aukafrídag daginn eftir 1. maí sem skerðir ekki heildarskóladagafjöldann.

Samþykkt
skólaráðs

Eftir góðar umræður og yfirferð var Skóladagatal 2024 – 2025 borið upp til atkvæðagreiðslu og var samþykkt samhljóða. Fundargerð verður send með skóladagatalinu til Skóla- og frístundasviðs.

2. Niðurstöður viðhorfskönnunar meðal nemenda um Tjarnarhringinn.

Niðurstöður könnunar voru senda með fundarboðinu til kynningar. Ánægjulegt hversu jákvæðir nemendur eru gagnvart því að ganga fjóra morgna í viku í kringum Tjörnina. Niðurstöður verða birtar á nýju heimasíðu skólans sem nú er í burðarliðnum.

3. Hugmyndir að „opnum fundi“ skólaráðs.

Á opnum fundum höfum við gjarnan fengið góða fyrirlesara og/eða fengið nemendur að því viðfangsefni að rýna í skólastarfið og koma með góðar hugmyndir og ábendingar um hvernig við getum gert gott skólastarf enn betra. Á síðasta fundi skólaráðs kom fram sú hugmynd að fá samfélagslögurnar til að vera með erindi – fundarmönnum leist vel á það. Einnig mætti ræða símareglur, tilfærslu á skólatíma um 20 mínútur, en Reykjavíkurborg ætlar að færa skólatíma til á næsta skólaári. Við erum auk þess með það verkefni í umbótaáætlun þessa skólaárs að fá lýsingu nemenda og foreldra á því sem við köllum Tjarnarskólataktinn. Í honum felst skólamenningin okkar og það sem lýsir henni; fá sýn bæði nemenda og foreldra á skólastarfið. Auk þess erum við farin að huga að 40. skólaárinu okkar næsta vetur. Væri gaman að fá hugmyndir. Stefnt að því að fá að vera í Spennistöðinni en tímasetning ekki ákveðin.

4. Önnur mál

Foreldri varpaði fram spurningu til nemendaráðs um hvað sé á áætlun í félagsstarfinu. Á næstunni er dagskrá öskudagsins – sem er alltaf skemmtileg. Skipulag í höndum nemendaráðsins. Þar á eftir verður svo nefndur „kósí föstudagur“. Þá mæta nemendur í náttfötum og fá að horfa á eitthvað skemmtilegt eða spila. Þau voru með opið hús í janúar og ball í október. Nemendaráðið skipuleggur einnig kvöldvöku í skíðaferðinni sem verður snemma í mars. Nemendur í 10. bekk eru síðan farnir af stað með að skipuleggja árshátíðina sem er stærsti viðburður ársins.

Margrét spurði nemendur í ráðinu hvort þeir væru með einhver mál frá samnemendum, svo var ekki. Hvatti þau til að kanna fyrir næsta skólaráðsfund hvort þeir vildu að fulltrúarnir kæmu með einhver mál inn á dagskrána.

Margrét bætti auk þess við hversu ánægjulegt væri að sjá í könnunum meðal unglinga að áhorf á klámi hefur minnkað. Aukin fræðsla hefur greinilega haft áhrif.

Margrét þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund. Næsti fundur verður svo nefndur „opinn fundur“.

Fundi slitið kl. 9.15

KR/MT